



Leiðbeiningar um lækniheimsóknir eða heilsutengda sérfræðipjónustu sem starfsmenn og/eða börn þeirra undir 13 ára aldri þurfa að sækja utan Ísafjarðarbæjar

Tilfni

Nokkur aðstöðumunur er til staðar hvað möguleika íbúa og þar með starfsmanna Ísafjarðarbæjar til að sækja sérfræðipjónustu lækna fyrir sig og/eða börn sín. Flugsamgöngur hafa breyst til muna og tíðni ferða hefur farið minnkandi sl. ár. Það hefur gert það að verkum að umtalsvert meiri tími fer í ferðalög starfsmanna til að sækja þjónustuna. Eftirfarandi leiðbeiningar verið útbúnar með það fyrir augum að koma að hluta til móts við þennan aðstöðumun.

Framkvæmd

Ef nauðsynleg þjónusta sem þörf er á stendur sannarlega ekki til boða í Ísafjarðarbæ, þá gildir eftirfarandi:

Þurfi starfsmaður að sækja lækniþjónustu eða heilsutengda sérfræðipjónustu utan Ísafjarðarbæjar, skal sá dagur sem viðkomandi á að mæta til lækni/sérfræðings skráður sem veikindadagur. Viðkomandi starfsmaður skilar inn vottorði, til staðfestingar á lækniheimsókninni, óski næsti yfirmaður þess.

Þurfi starfsmaður að sækja lækniþjónustu eða heilsutengda sérfræðipjónustu fyrir barn sitt, yngra en 13 ára, utan Ísafjarðarbæjar skal sá dagur sem barnið á að mæta til lækni/sérfræðings skráður sem veikindi barns hjá starfsmanni. Viðkomandi starfsmaður skilar inn vottorði, til staðfestingar á lækniheimsókn, að ósk næsta yfirmanns.

Til að koma til móts við ferðatíma vegna aksturs, skal ef þörf krefur, veittur allt að einn dagur í launað leyfi, þ.e. hálfur dagur fyrir hvora akstursferð, sem ætlaður er til að ferðast til og frá þeim stað sem þjónustan er veitt, sé nauðsynlegt að aka á vinnutíma, s.s. vegna færðar, veðurs eða aðstæðna. Skráist dagurinn sem „*Launað leyfi*“ í Vinnustund. Halda skal ferðum af þessu tagi í lágmarki, og gert í samráði við næsta yfirmann.

Starfsmenn eru vinsamlegast hvattir til að haga skipulagi ferða þannig, að þær raski vinnu þeirra sem minnst.

Ath: Lýtalækningar falla ekki hér undir.

Uppfært í júní 2022

Bæjarstjóri, sviðsstjórar og mannauðsstjóri